

Fyrirspurn

til matvælaráðherra um áhrif vaxtahækkana á innlendan landbúnað.

Frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur.

- Hefur ráðherra áhyggjur af áhrifum hárra vaxta á efnahagsumhverfi íslensks landbúnaðar og stöðu bænda?
- Hver eru að mati ráðherra áhrif þess á innlendan landbúnað að vextir á Íslandi hafa um langa hríð verið mjög háir og umtalsvert hærri en á evrusvæðinu, en formaður Bændasamtakanna hefur nefnt að vaxtahækkanir hafi aukið kostnað bænda um 5,5 milljarða kr. og að fjármagnskostnaður sé verulega íþyngjandi þáttur fyrir greinina?
- Telur ráðherra að opinber stuðningur stjórnvalda sé samkeppnishæfur við þann stuðning sem bændur í aðildarríkjum Evrópusambandsins njóta nú í kjölfar þess að verð á aðföngum hefur hækkað, sbr. viðbótarstuðningspakka Evrópusambandsins sem samþykktur var í júní sl. til bænda í 22 aðildarríkjum og nemur 330 millj. evra, eða um 48 milljörðum kr.?

Skriflegt svar óskast.